Helgin framundan



■ Lionsmenn tilbúnir með perurnar.

Perusala í Kópavogi

■ Laugardag og sunnudag, 10. og 11. nóvember, verður Lionsklúbburinn Muninn með hina árlegu perusölu sína í Kópavogi.

Kópavogsbúar hafa alltaf tekið þessari perusölu vel, að sögn Lionsmanna, og notað tækifærið til að birgja sig upp af ljósaperum fyrir skammdegið. Með því hafa þeir slegið tvær flugur í einu höggi, tryggt sig fyrir því að þurfa ekki að sitja í myrkrinu ef pera bilar, jafnframt því að styðja gott málefni.

Að venju rennur allur ágóði af perusölunni til líknarmála.

Flóamarkaður

■ **Safnaðarfélag Ásprestakalls** heldur flóamarkað í byggingu safnaðarheimilisins við kirkjuna laugardaginn 10. nóv. kl. 13. Góður varningur í boði, s.s. húsgögn, heimilistæki, fatnaður og margt fleira.

Stjórnin

Flóamarkaður

■ **Kvenfélag Karlakórs Reykjavíkur** heldur hinn árlega basar sinn, kökusölu og flóamarkað að Hallveigarstöðum á morgun, laugardaginn 10. nóvember kl. 14. Glæsilegt úrval muna, jólaföndur og skreytingar og aldrei meira úrval af kökum.

Fjáröflunardagur Kvenfélagsins á Seltjarnarnesi n.k. sunnudag

■ Sunnudagurinn 11. nóvember er fjáröflunardagur Kvenfélagsins á Seltjarnarnesi. Þá verða félagskonur m.a. með kökusölu, skyndihappdrætti, lukkupoka og flóamarkað. Húsið verður opnað kl. 14.00.


Næsti fundur félagsins verður svo þriðjudaginn 20. nóvember kl. 20.30 í Félagsheimilinu að venju. Til skemmtunar verður m.a. kynning á fatnaði, undir stjórn Unnar Steinsson, og kynning á vörum til jólanna. Öllum konum í bænum er opinn þessi fundur.

Basar í Digranesprestakalli Kópavogi


■ Kirkjufélag Digranesprestakalls verður með glæsilegan basar í safnaðarheimilinu Bjarnhólastíg 26, Kópavogi laugardaginn 10. nóvember. Mikið af góðum munum, kökum og lukkupokum.

Nefndin

Flóamarkaður og hlutavelta í Hljómskálanum



■ Næstkomandi laugardag, 10. nóv. kl. 14 gangast „Lúðrasveitakonur" fyrir hlutaveltu og flóamarkaði í Hljómskálanum við Tjörnina.



■ Guttormur Jónsson ásamt tveimur verka sinna

Skúlptúr-sýning á Kjarvalsstöðum

■ Guttormur Jónsson opnar sýningu á verkum sínum á Kjarvalsstöðum laugardaginn 10. nóvember kl. 14.00. Á sýningunni sýnir Guttormur 29 verk, sem unnin eru í tré, stein og trefja-steinsteypu, þar af eru 18 verk úr íslensku tré.

Guttormur stundaði nám í höggmyndadeild Myndlistarskóla Reykjavíkur 1978-1981. Þetta er fyrsta einkasýning hans, en hann hefur áður sýnt á samsýningum á Akranesi og í Reykjavík.

Sýningin verður opin daglega frá kl. 14-22 fram til 25. nóvember.

Vatnslitamyndir í Ásmundarsal

■ Í Ásmudarsal við Freyjugötu stendur nú yfir sýning á vatnslitamyndum eftir Hans Christiansen.

Sýningin verður opin til 11. nóvember,virka daga kl. 16.00-22.00 og um helgar kl. 14.00-22.

Sýning Ómars í Listvinahúsinu

■ Í Listvinahúsinu í Lækjargötu 2 stendur yfir sýning Ómars Skúlasonar. Á sýningunni eru um 50 verk, aðallega klippimyndir, en unnar með blandaðri tækni. Verkin eru frá 1976 til dagsins í dag.

Opnunartími er virka daga kl. 10-18, en laugardaga og sunnudaga kl. 14-18, en lokað er á mánudögum.

Myndræn tjáning um reykingar

■ Nú stendur yfir í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi sýning á veggmyndum og myndasögum úr samkeppni þeirri sem reykingavarnanefnd efndi til meðal grunnskólanema snemma á árinu 1983. Sýningin er á vegum Krabbameinsfélags Reykjavíkur og snerta allar myndirnar með einhvejrum hætti reykingavandamálið.

Sýningin stendur yfir til 18. nóvember, og er húsið opið almenningi mánudaga til fimmtudaga kl. 16-22 daglega og á laugardögum og sunnudögum kl. 14-18.

Síðasta sýningarhelgi Sigurbjörns Loga í Eden

■ Sýning Sigurbjörns Eldons Logasonar í Eden í Hveragerði, sem átti að ljúka um síðustu helgi, hefur verið framlengd. Henni lýkur nú um helgina.

■ Í Gallerí Borg stendur nú yfir sýning á níu olíumálverkum og níu litateikningum eftir Þorbjörgu Höskuldsdóttur, en þetta er fimmta einkasýning hennar. Þá sýnir Anna K. Jóhannsdóttir keramíkverk í Gallerí Borg; vasa, skálar og eyrnaskraut. Þetta er fyrsta einkasýning Önnu.



■ Valgarður Gunnarsson og Böðvar Björnsson

Handmáluð ljóð

■ Valgarður Gunnarsson og Böðvar Björnsson opna sýningu í vestursal Kjarvalsstaða laugard. 10. nóv. kl. 15.00. Sýnd verða átján handmáluð ljóð eftir Böðvar, unnin í samvinnu þeirra Valgarðs og Böðvars. Ljóðmyndirnar eru unnar í olíu, akríl og pastel.

Auk þess sýnir Valgarður u.þ.b. 40 myndir unnar í ýmis efni, svo sem olíu, vatnslit og gouache.

Valgarður Gunnarsson stundaði nám við Myndlista- og handíðaskóla Íslands og Empire State Collage í New York.

Sýningin stendur til 25. nóvember.

Listamiðstöðin:

„Silkiþrykktar leirmyndir"

■ Laugardaginn 10. nóvember kl. 15 opnar Guðni Erlendsson sýningu á verkum sínum í Listamiðstöðinni við Lækjartorg. Um 30-40 verk verða á sýningunni og er þetta sölusýning.

Guðni var eigandi leirkerasmiðjunnar **Eldstó** við Miklatorg, einnig rak hann um skeið gjafaverslunina Nr. 1 í Aðalstræti ásamt eiginkonu sinni. Síðar stofnsetti hann og rak matstaðinn **Hornið** í Hafnarstræti um 3ja ára skeið, ásamt Galleríinu **Djúpið.**

Þetta er fyrsta einkasýning Guðna Erlendssonar. Hann kallar hana **Leirmyndir,** og segir listamaðurinn að vinnsla þeirra sé með nokkuð óvenjulegum hætti, eða „silkiþrykktar leirmyndir", eins og hann kemst að orði.

Sýningin stendur yfir dagana 10.-18. nóv. og er opin alla daga kl. 14-19, nema fimmtudaga og sunnudaga kl. 14-22.



■ Guðmundur Ármann Sigurjónsson

Málverkasýning Guðmundar Ármanns í Alþýðubankanum á Akureyri

■ Í Alþýðubankanum á Akureyri stendur nú yfir kynning á verkum Guðmundar Ármanns Sigurjónssonar listmálara.

Guðmundur hefur haldið nokkrar einkasýningar og tekið þátt í mörgum samsýningum hérlendis sem erlendis.

Sýningin í Alþýðubankanum er á vegum bankans og Menningarsamtaka Norðlendinga.